

Viðbragðsáætlun safna og samskipti við viðbragðsaðila: gátlisti

1. Samtal við slökkviliðsstjóra
2. Samtal við fulltrúa almannavarna (getur verið sami aðili)
3. Samtal við björgunarsveit

1. Samtal við slökkviliðsstjóra

- Hefur slökkviliðsstjórinn tök á að lesa yfir viðbragðsáætlun safnsins og gera athugasemdir?
- Hefur slökkvilið tök á að bjarga safngripum safnsins (5 til 10 völdum gripum) ef hættuástand skapast og kemur í veg fyrir að starfsmenn safnsins geti unnið að björgun sjálfir (t.d. vegna eldsvoða, heitavatsleka eða fárviðris)?
- Eru leiðbeiningar fyrir viðbragðsaðila sem safnið hefur búið til um björgun gersema nógu skýrar?
- Hefur slökkvilið tök á að geyma eintök af viðbragðsáætlun safnsins og leiðbeiningum um björgun gersema eða er ákjósanlegra að þessar upplýsingar séu geymdar á aðgengilegum stað í safninu?
- Hefur slökkviliðsstjóri tök á að heimsækja safnið og safngeymslur /varðveislurými og fara yfir ráðstafanir sem varða öryggismál og björgun gersema?
- Hefur slökkviliðsstjóri tök á að æfa björgun safngripa sem safnið skipuleggur?

2. Samtal við fulltrúa almannavarna

Viðbragðsáætlun almannavarna

- Kemur safnið fram í viðbragðsáætlun almannavarna á svæðinu?
- Ef já, er safnið nefnt á viðeigandi stöðum?
- Ef nei, hefjið samtal um hvort safnið ætti ekki heima með öðrum mikilvægum innviðum í áætlun almannavarna.

Eftir hamfarir:

- Getur fulltrúi safnsins fengið aðgang að fjarskiptakerfinu Tetra?
- Hvernig verður samskiptum safnsins háttað við almannavarnir? Verða þau gagnvirk eða einhliða (þ.e.a.s. verður hægt að hafa samband við almannavarnir til að fá upplýsingar)?
- Á forstöðumaður menningarstofnunar að tilkynna sig til svæðisstjórnar?
- Hvenær í viðbragðsferlinu verður ástand safnsins metið?

3. Samtal við björgunarsveit

- Getur björgunarsveit komið að björgun safnkosts?
- Hefur björgunarsveit tök á að kynna sér húsakynni safnsins og fræðast um sérstöðu safnkosts við björgun?
- Er möguleiki að fá kostnaðaráætlun um þátttöku björgunarsveitar í björgun safngripa?